

Rangárþing eystra
Póra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 20. júlí 2023
UST202306-398/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Rangárþing eystra – Miðeyjarhólmur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Miðeyjarhólm í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið tekur til jarðarinnar Miðeyjarhólms sem er 392,8 ha jörð þar sem fyrirhugað er að stofna lögbýli á jörðinni og stunda þar landbúnað. Innan byggingarreits B1 á jörðinni þar sem heimilt að byggja tvö íbúðarhús á tveimur hæðum. Stærð íbúðarhúsa er allt að 600 m² hvort hús. Auk þess er heimilt er að byggja gripahús, hlöðu, haughús, skemmur og gróðurhús á jörðinni þar sem heildar byggingamagn getur verið allt að 5.800 m². Einnig er heimilt er að byggja allt að þrjú frístundahús, allt að 250 m² hvert. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir skógræktarsvæði.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Tjarnir og Tjarnarnes. sem aðrar náttúruminjar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í greinargerð hvað sé verið að vernda, en svæðinu er lýst: „Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarþ.“¹

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hvert verndargildi svæðisins er hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja og hvaða leiðir eru farnar til að endurheimta náttúruverðmæti.

Skógrækt – Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð og á uppdrætti hversu stór skógræktarsvæðin og hver áhrif þeirra eru á umhverfið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli að nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis fellur undir B flokk, sbr. lið 1.04 skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Þar af leiðandi eru allar falla allar framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka undir lögín óháð stærðarmörkum ef þær eru staðsettar á einhverju þeirra svæða sem talin eru upp í staflíðum a-f í iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Þetta eru eins og kom hér fram á ofan, svæði á náttúruminjaskrá. Því er mikilvægt að framkvæmdaraðili, landeigandi eða sveitarfélagið hafi samband við Skipulagsstofnun og fái úr því skorið hvort að verkefnið sé tilkynningaskyld framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur